

Námsvísir 2023-2024

4. bekkur

Námsgrein: íslenska

Kennari: Mæja



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir íslensku skipt í fjóra flokka en þeir eru talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er eftir þessum hæfniviðmiðum sem tilgreind eru í aðalnámskránni:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafi-19>

Talað mál hlustun og áhorf

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu
- endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið (s.s. eftirminnilegum atburði, ákveðnu fyrirbæri, upplestur, leikið efni, ljóð eða söngva)

Lestur og bókmenntir

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- beitt bókmenntahugtökum (s.s. persónu, söguþræði, umhverfi, tíma og boðskap)
- beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði (s.s. rími, ljóðstaf og hrynjanda)
- aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni (s.s. einföldum skýringarmyndum, söguveg, hugtakakortum og venn-kortum)

Ritun

- skrifað skýrt og læsilega
- samið fjölbreyttan texta frá eigin brjósti (s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð)
- nýtt grunnþætti í uppbyggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- beitt einföldum stafsetningarreglum

Málfræði

- raðað í stafrófsröð og geti notað við leit
- þekkt í sundur nafnorð, lýsingarorð og sagnorð
- fundið kyn, tölu, fall, stig og tíð
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum

Kennsluaðferð / vinnulag

Að mestu leyti er kennt eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi sem er samvirk nálgun í læsiskenslu barna. Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku. Kennari les fyrir nemendur. Unnið er með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Mikið unnið í hringekju og á vinnusvæðum. Einnig eru verkefnatímar þar sem farið er í ýmis málfræðiatríði, bókmenntir, skrift eða ljóðakensla.

Námsmat

Lögð eru fyrir lesferlill (hraðapróf) í september, janúar og maí. Lögð eru fyrir Orðarún (lesskilningspróf) í nóvember og maí. Vinna og virkni í tímum metin.

Leiðsagnarnám

Heimalestur metinn eftir fjölda skipta sem lesinn er yfir skólaárið.

Ýmis verkefni

Námsgögn

Mismunandi gæðatexti (skáldsögur, þjóðsögur, ljóð og fræðigreinar)

Hinar ýmsu verkefnabækur (Lesrún, Ritrún)

Skriftarbók

Sögubók

Ljósrituð verkefni